Nr. 595 2. júlí 2010

# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 577/2003
um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.**

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi málsliður:
Lægstu Brix-gildi fyrir ávaxtasafa úr þykkni eru gefin upp í viðauka 4.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á e-lið 4. gr. reglugerðarinnar:

a) Í stað orðanna „framleitt úr þykkni“ kemur: úr þykkni.
b) Í stað orðanna „framleitt að hluta til úr þykkni“ kemur: að hluta til úr þykkni.

3. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI 4

| **Almennt heiti ávaxtar** | **Fræðiheiti** | **Lægstu Brix-gildi fyrir ávaxtasafa og -mauk úr þykkni** |
|---|---|---|
| Epli (*) | Malus domestica Borkh. | 11,2 |
| Apríkósur (**) | Prunus armeniaca L. | 11,2 |
| Bananar (**) | Musa sp. | 21,0 |
| Sólber (*) | Ribes nigrum L. | 11,6 |
| Þrúgur (*) | Vitis vinifera L. eða þrúgublendingar | 15,9 |
| Greipaldin (*) | Vitis labrusca L. eða þrúgublendingar | 10,0 |
| Gvava (**) | Citrus x paradise Macfad. | 9,5 |
| Sítrónur (*) | Psidium guajava L. | 8,0 |
| Mangó (**) | Citrus limon (L.) Burm.f. | 15,0 |
| Appelsínur (*) | Mangifera indica L. | 11,2 |
| Píslaraldin (*) | Citrus sinensis (L.) Osbeck | 13,5 |
| Ferskjur (**) | Passiflora edulis Sims | 10,0 |
| Perur (**) | Prunus persica (L.) Batsch afbrigði Persica | 11,9 |
| Ananas (*) | Pyrus communis L. | 12,8 |
| Hindber (*) | Ananas comosus (L.) Merr. | 7,0 |
| Súrkirsuber (*) | Rubus idaeus L. | 13,5 |
| Jarðarber (*) | Prunus cerasus L. | 7,0 |
| Mandarínur (*) | Fragaria x ananassa Duch. | 11,2 |
| Epli (*) | Citrus reticulata Blanco | 11,2 |

Ef safi úr þykkni er unninn úr ávexti, sem ekki er getið um í framangreindri töflu, skal lægsta Brix-gildi safans, sem endurgerður hefur verið með því að blanda hann vatni, vera það Brix-gildi sem safinn hefur þegar hann er unninn úr ávextinum sem notaður er til að framleiða þykknið.

Að því er varðar vörur merktar með stjörnu (*), sem framleiddar eru sem safi, er lágmarks-eðlismassi ákvarðaður út frá vatni við 20/20 °C.

Að því er varðar vörur merktar með tveimur stjörnum (**), sem framleiddar eru sem mauk, er einungis ákvarðað óleiðrétt, lægsta Brix-gildi (án leiðréttingar fyrir sýru).

Að því er varðar sólber, gvava, mangó og píslaraldin eiga lægstu Brix-gildi eingöngu við um ávaxtasafa og –mauk úr þykkni, sem eru framleidd innan EES-svæðisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. og 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun (EB) nr. 2009/106. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 2. júlí 2010.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*